



## SJÓNVARPSÞÁTTUR Á SUNNUDAGSKVÖLD

Fjölbreyttur Listahátíðarþáttur er á dagskrá Sjónvarpsins á sunnudagskvöld. Kynnir þáttarins er **Brynja Þorgeirsdóttir** og mun hún leiða áhorfendur í gegnum dagskrá Listahátíðar í vor, kíkja inn á æfingar á dans- og leikverkum, sýna myndbrot og ræða við álitsgjafa um erlenda gesti hátíðarinnar.

Þátturinn er á dagskrá Sjónvarpsins sunnudagskvöldið **1. maí kl. 20.05.**

## NÝ ÍSLENSK TÓNLIST FRUMFLUTT

Frumflutningur á íslenski tónlist á sinn sess á hátíðinni í ár. Kammersveit Reykjavíkur, Schola Cantorum og Mótettukór Hallgrímskirkju flytja verk **Hauks Tómassonar**, Fléttu, sem hann samdi við náttúruhljóð íslenskra skálda. **Tómas R. Einarsson** flytur verkið Streng ásamt Matthíasi Hemstock, þar sem blandast saman tónlist og myndbandsver og **Högni Egilsson** flytur nýtt efni ásamt Davíð Þór Jónssyni og karlakórnum Fóstbræðrum. Ekki má gleyma tónverki **Daníels Bjarnasonar** og **Ben Frost**, Music for Solaris, sem heyrast mun í fyrsta sinn á Íslandi í flutningi Krakársinfóníettunnar og tíu íslenskra hljóðfærалеikara.

## FJÖLMÖRG DANS- OG LEIKVERK

Það verður mikið dansað á Listahátíð í vor því **sjö ný íslensk dansverk** koma fyrir sjónir áhorfenda og **erlendir dansflokkar frá Kína og Slóvakíu** koma einnig á hátíðina. Finnski dansarinn **Reijo Kela** tekur þátt í leikhúsverkinu Ferðalagi Fönixins og **Gunnlaugur Egilsson** dansari leiðir sýninguna Klúbbinn. Og svo munu Listahátíðargestir einnig fá tækifæri til að dansa á tónleikum spænsku stuðsveitarinnar **Ojos de brujo**, en aðeins örfáir miðar eru eftir á þá tónleika.

[Sjá alla dagskrána](#)



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival  
Lækjargata 3 | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími: (+354) 561 2444 | Fax: (+354) 562 2350  
[www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfest@artfest.is](mailto:artfest@artfest.is)



Aðalsamstarfsaðilar Listahátíðar í Reykjavík

SAMSKIP

Iceland Express



Sérðu ekki viðhengi þessa pósts? [smelltu hér](#)